

Afbrotatölfræði

Október 2007

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið




RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Í október voru 1.060 hegningarlagabrot skráð í málaskrárkerfi lögreglunnar. Það er fækkun frá því í október í fyrra og árið 2003 og 2004 en fjölgun frá sama mánuði árið 2005. Umferðarlagabrot voru 5.289 sem er fjölgun frá sama mánuði síðastliðin fjögur ár. Fíkniefnabrot voru skráð 157 sem er nánast sami fjöldi brota og í október árið 2004 (sjá mynd 1).


Kynferðisbrot hafa mikið verið í umræðunni að undanfögnu. Á mynd 2 má sjá fjölda þeirra fyrstu tíu mánuði árána 2005 til 2007. Flest kynferðisbrot voru skráð í janúar á tímabilinu. Tilkynnt var um 240 slík brot fyrstu tíu mánuði ársins 2005, 230 brot yfir sama tímabil 2006 en 234 brot fyrstu tíu mánuðina 2007. Vert er að benda á að lágt hlutfall fórnarlamba kynferðisbrota kærir þau til lögreglu (sjá t.d. rannsókn Rannveigar Þórisdóttur, Helga Gunnlaugssonar og Vilborgar Magnúsdóttur frá árinu 2005).

Hraðakstursbrot voru 3.383 í október þetta árið sem er tæp þriðjungsfjölgun frá því í október í fyrra. Þjófnaðarbro, eignaspjöll, innbrot og fíkniefnabrot voru færri en í fyrra en fleiri en í október árið 2005. Ölvunarakstursbrot voru 153 sem jafngildir því að fimm einstaklingar voru teknir að meðaltali á dag fyrir slík brot um allt land. Lögreglumenn höfðu hendur í hári færri einstaklinga vegna aksturs gegn rauðu ljósi í október 2007 en 2005 og 2006. Áfengislagabrot og líkamsmeiðingar og árásir voru fleiri í október í ár en síðastliðin tvö ár (sjá töflu 1).

Þegar kynferðisbrot er kært til lögreglu er vettvangur þar sem tiltekið brot á að hafa átt sér stað skráð í málaskrá lögreglunnar. Á mynd 3 má sjá að helmingur þessara brota fyrstu tíu mánuði ársins 2007 eiga sér stað á heimili eða einkalóð, 15% þeirra á akbraut eða bifreiðastæði og 6% þeirra á einhvers konar samkomustað annars vegar og í fyrirtæki hins vegar.




Mynd 1. Fjöldi brota í október 2003-2007 eftir tegund brots



Mynd 2. Fjöldi kynferðisbrota fyrstu tíu mánuði árána 2005-2007

Tafla 1. Fjöldi brota eftir helstu brotaflokkum í október 2005-2007

	okt.2007	okt.2006	okt.2005
Hraðakstursbrot	3.383	2.630	1.774
Þjófnaðarbro	269	309	232
Eignaspjöll	281	296	176
Innbrot	163	187	126
Ölvun við akstur	153	162	184
Fíkniefnabrot	157	172	142
Áfengislagabrot	135	133	124
Líkamsmeiðingar (217 og 218)	146	101	112
Akstur gegn rauðu ljósi	81	123	100
Nytjastuldur	31	22	21



Mynd 3. Vettvangur kynferðisbrota fyrstu tíu mánuði ársins 2007, hlutfall.

Afbrotatölfræði

Október 2007

Bráðabirgðatölur fyrir allt landið



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Tafla 2. Fjöldi brota í október 2005, 2006 og 2007 eftir umdæmum

Umdæmi	Hegningarlagabrot			Umferðarlagabrot			Fíkniefnabrot		
	2007	2006	2005	2007	2006	2005	2007	2006	2005
Akranes	18	33	14	212	74	81	4	1	1
Akureyri	54	64	52	213	223	173	6	8	6
Blönduós	3	6	0	62	284	169	0	0	0
Borgarnes	13	7	6	152	243	64	3	4	5
Eskifjörður	17	12	10	66	83	91	0	1	1
Húsavík	2	8	6	20	23	9	0	0	1
Hvolsvöllur	8	14	13	127	144	55	0	4	0
Höfuðborgarsvæðið	776	811	624	2.389	2.793	2.328	133	127	111
Sauðárkrókur	9	4	8	112	69	6	0	2	0
Selfoss	45	34	35	176	476	196	0	0	3
Seyðisfjörður	9	3	7	54	45	61	0	3	1
Snæfellsnes	3	3	3	1.231	17	106	0	1	1
Suðurnes	82	92	71	359	323	287	7	19	10
Vestfirðir	11	11	14	92	55	30	3	2	1
Vestmannaeyjar	10	14	8	24	30	12	1	0	1
Alls	1.060	1.116	871	5.289	4.882	3.668	157	172	142

Hegningarlagabrotum hefur fjölgað í október hjá lögreglustjóranum í Borgarnesi og á Eskifirði frá árinu 2005.

Umferðarlagabrot voru meira en helmingi fleiri í lögregluumdæmi Akraness í október í ár en í fyrra en fjölgunin hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi var umtalsverðari þar sem brotin fóru úr 17 í 1.231 brot. Fjölgunina má rekja til tveggja stafrænna myndavéla sem settar hafa verið upp í umdæmi lögreglustjórans í Borgarnesi en brotin eru skráð hjá lögreglustjóranum á Snæfellsnesi sem fer með umsýslu þessara mála eins og áður hefur komið fram. Fíkniefnabrot voru færri en yfir sama tímabil og í fyrra en fleiri en í október 2005. Um 85% fíkniefnabrotu voru skráð hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Aðferðir og gögn

Hér eru birtar upplýsingar um stöðu brota eins og þau voru í málaskrá lögreglu þann 13. nóvember 2007 og eru tölur fyrir árið 2007 bráðabirgðatölur.

Í byrjun árs 2005 tók lögreglan í notkun nýtt skráningarkerfi. Þetta skiptir máli þegar fjöldi brota árið 2005 er borinn saman við fjölda brota 2006 og 2007.

Við samantekt tölulegra upplýsinga eru tilgreind öll brot sem tilkynnt voru lögreglunni að frátöldum þeim sem reynast við nánari athugun ekki vera brot. Hafa ber í huga að eitt atvik getur falið í sér fleiri en eitt brot. Til dæmis getur maður sem er stöðvaður vegna umferðarlagabrots fengið í sama máli kærðu fyrir fíkniefni sem fundust í fórum hans.